

Mánudaginn 19. des. 1921.

Nr. 14/1921.

Jón Benediktsson

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Pjetri Guðmundssyni,
Guðmundi Guðmundssyni
og Böðvari Þorlákssyni**
(Enginn).

Landamerkjамál. Ómerkingardómur.

Dómur merkjadóms Húnavatnssýslu 27. okt. 1920: Á milli Holts og Húnaða ræður merkjum bein lína úr fossinum í Fossgili í Efri-Strokkakeldu norður við Laxá. Af borgun til dómenda, samtals 200 kr., greiði sækjendur Pjetur Guðmundsson, Guðmundur Guðmundsson og Böðvar Þorláksson in solidum $\frac{2}{5}$ eða 120 kr., en varnaraðili Jón Benediktsson $\frac{2}{5}$ með 80 kr. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringja frá lögbirtingu hans að viðlagri laga-aðför.

Dómur hæstarjettar.

Hinir stefndu hafa eigi mætt i hæstarjetti enda þó að þeim hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið rekið samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Í hjeradi var málið rekið sem landamerkjамál og lauk þar með merkjadómi Húnavatnssýslu 27. okt. f. á. Hefir þeim dómi verið skotið hingað með stefnu, dags. 23. apríl þ. á., og er aðalkrafa áfrýjanda, að dómurinn verði ómerktur og málinu heimvisað og honum dæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum. Rökstýður áfrýjandi ómerkingarkröfuna með því, að meðdómsmenn sýslumanns hafi hvorki verið eiðfestir nje látnir vinna drengskaparheit, enda sjest það hvergi í dómsgjörðunum að svo hafi verið gjört.

Það er nú að vísu eigi beinlínis áskilið í landamerkjalögunum nr. 41, 28. nóv. 1919, að meðdómendur skuli eiðfestir eða vinna drengskaparheit, svo sem gjört var um eiðfesting þeirra í eldri landamerkjalögunum. En eiður af hendi meðdómenda hefir verið áskilinn í lögum vorum frá fornu fari, sbr. 41. kap. þingskapabáttar Grágásar, 3. kap. þingfararbálks Jónsbókar og N. L. 1—7—2 og 1—7—5. Og það sjest á athugasemdum stjórnarinnar við 10. gr. frv. til laga nr. 41/1919, að eigi hefir verið ætlast til að eið- eða heitvinning fjelli niður í landamerkjamálum, heldur hefir nauðsyn hennar verið talin liggja í fyrirmælum 1. gr. laga nr. 29, 11. júlí 1911. Hjer við bætist, að eiður eða drengskaparheit er lögmælt í líkum tilfellum, sbr. 5. gr. laga nr. 35, 2. nóv. 1914 og 4. gr. laga nr. 52, 30. nóv. s. á, enda nokkurskonar eiður áskilinn jafnvel af hendi votta og virðingarmanna fógeta sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 19, 4. nóv. 1887.

Samkvæmt þessum almennu reglum löggjafarinnar ber að láta meðdómsmenn í landamerkjamálum vinna eið áður en þeir taka til starfa, og þar sem það sjest eigi af dómsgjörðunum að meðdómsmennirnir hafi unnið slíkan eið, verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins fyrir merkjadóminum, heimvísa málinu og skylda merkjadóminn til að taka málið upp að nýju.

Eftir þessum úrslitum verða hinir stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti og er hann ákveðinn 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadómurinn á að vera ómerkur og vísast málinu heim til löglegri meðferðar.

Hinir stefndu, Pjetur Guðmundsson, Guðmundur Guðmundsson og Böðvar Þorláksson, greiði áfrýjanda, Jóni Benediktssyni, in solidum 150 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Friðjudaginn 20. des. 1921.

Nr. 28/1921.

Hreppsnefnd Gerðahrepps

(Guðm. Ólafsson)

gegn

Lárusi Fjeldsted

(sjálfur).

Vixilmál. Ómerkingardómur.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 24. jan. 1921: Hinir stefndu, Guðmundur Björnsson, Einar Magnússon, Eiríkur Torfason, Halldór Þorsteinsson og Magnús sýslumaður Jónsson f. h. Gullbringusýslu eiga að vera sýknir af kröfum stefnandans, L. Fjeldsteds, í þessu máli, en hann að greiða þeim 100 krónur í málskostnað.

Stefndur sjera Friðrik J. Rafnar f. h. Gerðahrepps greiði stefnandanum 11000 krónur ásamt 6% ársvöxtum frá 7. mars f. á. til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ af upphæðinni í þóknun og 555 krónur í afsagnar- og málskostnað.

Hið ídæmda greiðist innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þess að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að það er ljóst af skjölum, sem lögð hafa verið fram samkv. novaleyfi, dags. 12. f. m., að maður sá, er stefnt var í hjeraði f. h. Gerðahrepps, hafði, þá er hjeráðsstefnan var birt honum 1. okt. f. á., eigi að eins lagt niður oddvitastörf heldur og vikið úr hreppsnefndinni fyrir rúmum 15 mánuðum,